

Áfangalýsing		
ADFE3HN05EH Framsetning og kynning Námsgrein: Aðferðafræði	Einingar 5	Hæfniprep 3
Lýsing Í áfanganum flétta nemendur saman aðferðum og þekkingu og nýta í vinnu með fjölbreytta miðla. Nemendur skoða verkefni sín, skilgreina þau og lýsa. Persónuleg einkenni dregin fram. Farið er yfir samræmi og styrk verkefna í heild sinni. Áhersla er á skapandi vinnu, persónulega nálgun og sjálfstæð vinnubrögð. Nemandi getur valið mismunandi leiðir í framsetningu eigin viðfangsefna. Unnið er með skilning á táknmáli lita, formum, myndbyggingu og letri.		
Forkröfur: ADFE3HN05DH		
Þekkingarviðmið <i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i> - aðferðum við að þróa eigin verk til framsetningar og kynningar - útfærslu verkefna með ólíkum miðlum - tengingu viðfangsefna við táknmál lita, myndbyggingu, form og letur - aðferðum við að þróa og tengja saman hugmynd og verklega framkvæmd		
Leikniviðmið <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i> - setja fram eigin verkefni - kynna verk sín og rökstyðja - miðla verkefnum á fjölbreyttan hátt - nota fjölbreyttar aðferðir við framsetningu verkefna - vinna sjálfstætt og á persónulegan hátt		
Hæfniviðmið <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i> - velja á milli aðferða við framsetningu og kynningu verkefna - einfalda og draga ályktanir í vinnu sinni - þróa persónulega sýn í verkefnavinnu - sýna ábyrgð og sjálfstæði í vinnubrögðum - taka þátt í gagnrýnum umræðum um eigin verk og annarra - miðla verkefnum á fjölbreyttan hátt		
Námsmat <i>Námsmat er skilgreint í námsáætlun í samræmi við skólanámskrá og nánar útfært í verklagsreglum skólans sem birtar eru í gæðahandbók.</i>		
Grunnþættir og lykilhæfni <i>Í skólanámskrá Tækniskólans má sjá hvernig grunnþættir menntunar og lykilhæfni fléttast inn í allt nám og starf í skólanum. Áfangalýsingar eru nánar útfærðar í námsáætlunum og þar kemur fram hvernig grunnþættirnir fléttast inn í námið í viðkomandi áfanga.</i>		